



VITA-OG HAFNAMÁL

Alþingi

Erindi nr. P 120/405

komudagur 11/12 1995

Samgöngunefnd Alþingis,
b/t Nefndadeildar Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 REYKJAVÍK.

Kópavogi, 11. desember 1995

Varðar: Frumvarp til laga um Siglingastofnun Íslands, 173. mál.

Með bréfi dagsettu 7. þ.m. var óskað umsagnar Vita- og hafnamálastofnunar um téð frumvarp.

Undirritaður var í nefnd þeirri er samgönguráðherra skipaði í september 1993 til að kanna hugsanlegt samstarf eða samruna Vita- og hafnamálastofnunar annars vegar og Siglingamálastofnunar ríkisins hins vegar og stóð að því álitni, er nefndin skilaði frá sér. Frumvarpið, sem nú hefur verið lagt fram á Alþingi, er efnislega í samræmi við álit nefndarinnar og **legg ég því til að það verði samþykkt.**

Ég tel þó að 2. grein frumvarpsins sé ekki í samræmi við þá stefnu, sem nú er boðuð í starfsmannamálum hjá ríkinu. Í drögum að stefnu ríkisins í nýskipan í ríkisrekstri, sem kynnt hefur verið, er rætt um að auka ábyrgð stjórnenda ríkisstofnana, aukið sjálfstæði stofnana og að flytja ákvarðanir sem næst vettvangi. Þá er rætt um að hafa sem minnstan mun á réttarstöðu opinberra starfsmanna og hinna, sem starfa á almennum vinnumarkaði. Í samræmi við framanritað legg ég til að tvær síðari málsgreinar 2. gr. hljóði svo: “Forstjóri Siglingastofnunar Íslands skal að fenginni umsögn hafnaráðs og siglingaráðs skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri Siglingastofnunar ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.”

Til fróðleiks má geta þess að við endurskoðun hafnalaga fyrir tveimur árum voru felld út ákvæði þess efnis, að ráðherra skipaði yfirmenn deilda Hafnamálastofnunar. Önnur grein frumvarpsins óbreytt er þannig spor afturábak sé tekið mið af stefnunni um aukið sjálfstæði stofnana.

Virðingarfyllst,

Hermann Guðjónsson,
vita- og hafnamálastjóri.